

Skútustaðahreppur
Atli Steinn Sveinbjörnsson
Hlíðavegi 6
660 Mývatn

Reykjavík, 3. mars 2022
UST202202-373/B.S.
10.04.02

**Efni: Skipulags- og matslýsing. Aðalskipulag - Mývatn - efnistaka við suðurenda.
Umsögn**

Vísað er til erindis Skútustaðahrepps dags. 25. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda lýsingu.

Hér er um að ræða efnistöku í framhaldi eldri námu við Garð. Eins og staðan er í dag er eldri náman lítið sýnileg frá þjóðvegi.

Ef að fyrirhugaðri efnistöku verður á að mati Umhverfisstofnunar að leggja sérstaka áherslu á að efnistökusvæðið verði ekki sýnilegt frá vegi. Eins og fram kemur í greinargerðinni er stutt niður á grunnvatn og jarðvegur gropinn þannig að standa þarf vel að rekstri námunnar m.t.t. olímengunar frá vinnuvélum.

Umhverfisstofnun telur að leggja eigi áherslu á að viðhalda óskertu hrauni við norðurkant námunnar til að hindra innsýn og raunar ætti við frekari vinnslu þessa skipulags að gera ítarlega áætlun um efnistökkuna og hanna útlit námunnar þannig að sjónræn áhrif verði sem minnst. Skoða ætti hvort unnt sé að skilja eftir stakar hraunmyndanir eins og gert hefur verið t.d. í námum á Hófaskarðsleið og í námu við Prestbakka sem hindra innsýn í námuna.

Umhverfisstofnun telur að Skútustaðahreppur ætti að kanna hvort aðrir valkostir séu til staðar til efnisöflunar í sveitarfélaginu þar sem unnt er að taka efni úr lausum jarðlögum í stað efnistöku úr hrauni. Með hliðsjón af verndargildi Mývatns og næsta nágrennis ætti að vera raunhæfur valkostur að flytja að efni um nokkuð langan veg ef með því móti er unnt að takamarka rask í hrauni.

Virðingarfyllst,

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir,
sérfræðingur